

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um bifhjól.

1. *Er skylt að váttryggja bifhjól, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, í 12 mánuði á hverju ári eða í tiltekinn lágmarkstíma samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, og ef svo er, hversu langan?*

Váttryggingarskylda hvílir á eigendum skráningarskyldra ökutækja skv. 1. mgr. 10. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019. Í því felst að skylt er að hafa ábyrgðartryggingu ökutækis skv. 8. gr. laganna og slysatrýggingu ökumanns og eiganda skv. 9. gr. Váttryggingarskyldan nær til skráningarskyldra ökutækja samkvæmt umferðarlögum en samkvæmt 72. gr. þeirra nær skráningarskylda til vélknúinna ökutækja. Til vélknúinna ökutækja teljast ökutæki, önnur en reiðhjól, sem ætluð eru til aksturs á landi og eru búin aflvél til að knýja þau, sbr. 42. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Bifhjól teljast til vélknúinna ökutækja, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, og falla þar með undir váttryggingarskyldu laga um ökutækjatrýggingar.

Tiltekin ökutæki eru undanþegin váttryggingarskyldunni, svo sem létt bifhjól í flokki I, sbr. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þá eru tiltekin ökutæki sem taka þátt í aksturskeppnum á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum undanþegin gildissviði laga um ökutækjatrýggingar, sbr. b-lið 2. mgr. 2. gr. laganna.

Ekki er mælt fyrir um tiltekinn lágmarkstíma lögboðinna ökutækjatrýgginga í lögnum eða reglugerð um ökutækjatrýggingar, nr. 1244/2019. Váttryggingarskyldan gildir á meðan ökutæki er skráð.

2. *Er skylt að innheimta slysatrýggingu ökumanns og eiganda fyrir hvert bifhjól samkvæmt sömu lögum?*

Skylt er að slysatrýggja ökumann og eiganda skráningarskylds ökutækis, skv. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Tiltekin ökutæki eru þó undanþegin váttryggingarskyldunni, svo sem létt bifhjól í flokki I, sbr. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þá eru tiltekin ökutæki sem taka þátt í aksturskeppnum á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum undanþegin gildissviði laga um ökutækjatrýggingar, sbr. b-lið 2. mgr. 2. gr. laganna.

3. *Eru ákvæði í lögum eða reglugerðum sem takmarka möguleika eigenda bifhjóla á að skila inn skráningarnúmerum tímabundið og þar með fella niður skyldu um ábyrgðartryggingu ökutækis og eftir atvikum slysatrýggingu?*

Í 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, kemur fram að óski eigandi ökutækis þess að taka ökutæki tímabundið úr notkun skuli hann senda tilkynningu þess efnis til Samgöngustofu sem skráir ökutækið úr umferð í ökutækjaskrá. Eftir það sé óheimilt að nota ökutækið. Váttrygging telst niður fallin þegar skráningarmerki hafa verið lögð inn til Samgöngustofu, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Ekki er að finna takmarkanir á möguleikum eiganda til þess að skrá ökutæki tímabundið úr notkun í lögum eða reglum.